



„Garnir raktar úr þingkonunum“ var yfirskrift eins dagskrárliðs á landsfundi Kvinnalistsans.

## Landsfundur Kvinnalistsans um helgina:

# Fórum með gott veganesti af þessum fundi

— segir Kristín Halldórsdóttir þingmaður Kvinnalistsans

ÉG var óskaplega ánægð með þennan fund og fannst hann virkilega gefandi og góður og held að hann hafi verkað vel og eins og til var ætlast,“ sagði Kristín Halldórsdóttir þingmaður Kvinnalistsans þegar hún var spurð um landsfund Kvinnalistsans sem haldinn var um síðustu helgi. Kristín sagði að þessi landsfundur hefði í rauninni verið líkari ráðstefnu en landsfundi stjórnmalaflokks því ekki hefði þurft að eyða tíma í valdabaráttu og kosningar og pólitísk dægurmál hefðu

lítið verið rædd.

Kristín sagði að niðurstaða fundarins hefði helst verið sú að samtökin væru á réttri braut. „Ég held að við höfum farið með gott veganesti af þessum fundi. Við fjölluðum töluvert um stöðu okkar núna eftir þau tímamót sem urðu við síðustu kosningar og við það að stækka þingflokkinn og hafa kvinnalista í öllum kjördæmum. Þetta er fyrsti landsfundur eftir að öll kjördæmi eru komin inn í myndina. Á fundinum voru öll kjördæmi með sitt innlegg og fulltrúar þeirra töluðu um atvinnu-

ástand og aðstæður almennt.“

—Á fundinum virtist koma fram ótti um að konurnar sem sitja á þingi myndu fjarlægjast almennar flokkskonur við það að starfa á Alþingi.

„Þetta er okkur alltaf umhugsunarefni. Við höfum svo gjörólíkt skipulag og vinnubrögð miðað við aðra flokka og leggjum mikið upp úr því sem kallað er grasrótarskipulag þar sem allar konur eru jafnvirkar og hafi jafna möguleika á áhrifum. En við það að þurfa að hafa eina stofnun, þingflokkinn sem gengur inn í



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Litli leikhópurinn tróð upp á landsfundi Kvinnalistsans með leikritið Þjóðarkakan. Þótt leikararnir væru ungir að árum tóku þeir á stjórnmalunum á hressilegan hátt eins og sést á landsfundargestum.

ákveðið skipulag sem er á Alþingi, þá hljóta þingkonurnar að hafa ákveðna sérstöðu því þær eru þar af leiðandi á kafi í kerfinu. Það er mjög mikið mál hjá okkur að sú sérstaða verði ekki til þess að þingkonur lendi á einhverjum sér palli og verði sérstakt fyrirbrigði innan Kvinnalistsans.

Það er rétt að sú spurning hefur heyrst innan Kvinnalistsans hvort við eyðum ekki tíma okkar um of í að fjalla um öll mál á Alþingi, þar sem við hljótum að leggja mesta áherslu á mál sem lúta að bættum hag kvenna og barna. Við hinsvegar lítum flestar svo á að við séum komnar í þessa pólitík til að auka við hana og bæta hana vonandi, því við viljum leggja að mörkum ný viðhorf og ný sjónarmið og þau eiga rétt á sér í öllum málum. Það er okkar reynsla inni á þingi að í mjög mörgum málaflokkum er reyndar hægt að bæta einhverju nýju við og varpa nýju ljósi á hlutina með því að horfa á þá með augum

kvenna.“

—Þið hafið kvartað yfir því að fjölmiðlar sinni ykkur ekki nægilega mikið en samt var blaðamönnum vísað út af landsfundinum þegar ræða átti pólitísk mál. Er ekki fólgin í þessu mótsögn?

„Það getur vel verið en það er oft erfitt að vega og meta hvað er rétt í þessu efni. Ástæðan, í því sérstaka tilfelli þegar ræða átti stjórnmaláályktunina, var sú, að fenginni reynslu, að konur eru hræddar við að tjá sig ef þær vita af fjölmiðlum nálægt, sem er auðvitað í mótsögn við að við viljum gjarnan láta segja frá því sem við erum að gera. En við óttuðumst það í þessu tilviki að minna yrði um þau tjáskipti sem við þurftum að fá um þetta málefni ef konur vissu af fulltrúum fjölmiðla í salnum. Og okkur var mikið í mun að konur færu ekki óánægðar af fundi vegna þess að þær þyrðu ekki að segja það sem þær meintu,“ sagði Kristín Halldórsdóttir.